

Nd.

475. Frumvarp til laga

[246. mál]

um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87/1985.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

2. másl. 3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Sparisjóðsstjórn setur einnig að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar sparisjóðsins með þeim takmörkunum sem um getur í 32. gr. og sendir þær bankaeftirlitinu.

2. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein svohljóðandi:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með hliðsjón af útlánaáhættu verði að líta á skuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóði í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þar með taldar ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila. Sé skuldarheimild önnur en bókfærð skuldbinding skal á hverjum tíma telja þá upphæð sem hærrí er.

Með einróma samþykki sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra í hverju einstöku tilviki mega heildarskuldbindingar viðskiptaaðila skv. ákvæðum 1. og 2. mgr. nema hæst 50% af eigin fé sparisjóðsins. Slík ákvörðun skal tilkynnt bankaeftirlitinu þegar í stað.

Frá heildarskuldbindingum skv. ákvæðum þessarar greinar skal draga skuldbindingar sem eru álitnar sérstaklega tryggar samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er sams konar og frumvarp sama flutningsmanns um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985, nema hvað hér ræðir um sparisjóði en ekki banka (ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka).

Um rökstuðning fyrir þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, og skýringar á einstökum atriðum vísast til frumvarpsins um breytingu á viðskiptabankalögnum, 245. mál, þskj. 474.